



Alþingi
Erindi nr. P 143/507
komudagur 3.12.2013

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum nr. 80/2011 um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn). 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 232 – 186. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að færa ábyrgð á stofnun og rekstri heimila skv. 84. gr. barnaverndarlaga frá sveitarfélögum til ríkisins. MRSÍ hefur ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið og telur að þar sem að ekki er hægt að tryggja fjármagn til þess að standa almennilega að færslu þessarar ábyrgðar sé betra að biða með það.

MRSÍ vill koma því á framfæri við velferðarnefnd að mikilvægt er að fara vel yfir ástand barnaverndarmála hjá sveitarfélögunum og hvernig megi bæta úr þar sem annmarkar eru á. MRSÍ er sammála Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, í umsögn þeirra um ofangreint frumvarp, að vert sé að leita allra leiða til þess að bæta þjónustu barnaverndarnefnda um allt land. Þá telur MRSÍ að mikilvægt sé að starfsfólk barnaverndarnefnda fái fræðslu og ráðgjöf frá Barnaverndarstofu og að sveitarfélögin nýti þau sóknarfæri sem hafa gefist með tilfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga til þess að bæta þjónustu og úrræði innan sinna raða og þá sérstaklega varðandi þjónustu þeirra við börn.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur